

Ráðstefna FME og SFF 12. júní 2014

Erindi Steinþórs Pálssonar, formanns Samtaka fjármálafyrirtækja

Það er ánægjulegt að sjá þennan fjölda sem er mættur hér í dag. Kemur þó ekki á óvart þar sem regluverk er eitt af stóru málunum í fjármálakerfinu – þessi markaður lýtur miklu eftirliti og starfsemin undirsett vaxandi regluverki. Margir hafa af þessu áhyggjur, að í sumum tilvikum sé farið of langt og kostað of miklu til. Það er því mikilvægt að ræða þá hluti og á hvaða leið við erum.

Ég vil þakka FME fyrir frumkvæðið að hafa samband við okkur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja varðandi þennan fund. Fjármálafyrirtæki skilja vel að eftirlit þurfi með starfsemi þeirra og erum við fylgjandi því að við hér á Íslandi búum við gott laga og reglugerðarumhverfi sem standist vel erlendan samanburð.

Framtíðarsýn Samtaka fjármálafyrirtækja er að á Íslandi verði öflugt, samkeppnishæft, heilbrigt, arðsamt og skilvirkt fjármálakerfi sem nýtur trausts, sinnir þörfum einstaklinga og atvinnulífs af heilindum og þjónar hagsmunum íslensks samfélags. Það er sterkur samhljómur í áherslum samtakanna og FME. Við erum á sama báti – um margt með svipuð markmið - en kannski ekki alltaf á sömu skoðun hvernig eigi að stýra bátnum til að komast á leiðarenda. Við þurfum að taka óhikað umræðuna og finna bestu lausnir.

Ef litið er til síðustu ára er ljóst að ástandið hefur verið um margt sérstakt í fjármálageiranum. Okkur þykir oft á tíðum vanta skilning á starfsemi fjármálafyrirtækja og hlutverki þeirra í samfélaginu. Oft er alið á tortryggni af þeim sem framarlega standa í þjóðfélaginu. Eitt af því sem heyrst hefur er t.d. að það sé ef til vill rétt að skoða að banna Samtök fjármálafyrirtækja þar sem það er óheppilegt að forsvarsmenn fjármálafyrirtækja komi saman til að fjalla um hagsmunamál greinarinnar. Orðræðan er ekki alltaf sanngjörn en það er engan bilbug á okkur að finna sem stöndum í forsvari fyrir fyrirtækin í þessari grein og jafnt og þétt erum við að endurvinna traust, þó vissulega vildum við vera komin lengra. Þegar litið er til reglugerða og laga má sjá augljós merki þess að í einhverjum tilvikum hafi pendúllinn farið úr einni ýktri mynd í aðra. Ekki þykir í tísku að hlusta mikið á sjónarmið greinarinnar og öfl streitast við að halda pendúlum utan eðlilegs jafnvægis. Sett eru lög og reglur á fyrirtæki í þessari grein sem ganga mun lengra en þekkist erlendis – og þá hafa ýmsir lögspekingar talið að sett hafi verið lög á skjön við stjórnarskrá og að reglur og stjórnvaldstilmæli í einhverjum tilvikum hafi ekki stoð í lögum. Það virðist sem að einhver pólítík hafi ráðið för, að sefa hafi þurft almenning eða eitthvað vinsældarkapphlaup í gangi og með öfgum reynt að bæta fyrir það sem aflaga fór í aðdraga bankahrunsins. Það sem gengur annarsstaðar í regluverki er oft ekki nægjanlega gott fyrir okkur og bæta þarf duglega í svo úr verður órókrétt furðuverk. En fyrir vikið er jafnt og þétt verið að skaða þessa grein, skaða samkeppnisstöðu hennar og valda heimilum og fyrirtækjum meiri kosnaði en ella og draga úr þrótti greinarinnar til að sinna öflugu þjónustuhlutverki. Þá er erfitt að breyta og færa hlutina í eðlilegt horf þar sem það er túlkað sem eftirlátsemi við fjármálafyrirtæki þó

almennt sé vitað hjá þeim sem til þekkja að rétt sé að gera slíkt. En gott og vel, við skulum treysta því að lagað verði fljótt það sem laga þarf í þessu sambandi. Ég ætla ekki hér að fara í upptalningu á því sem aflaga hefur farið eftir hrun varðandi umgjörð fjármálafyrirtækjanna, það er auðvelt að gagnrýna. Á móti er margt gott sem hefur verið gert og við hjá Samtökunum munum áfram sem hingað til vera tilbúin til að vinna í samstarfi við þá sem móta stefnu, lög og reglur þannig að framtíðarsýn okkar hjá samtökunum nái fram að ganga. Að mínu mati hefur allt samstarf verið að þróast til betri vegar og traustið vaxandi. Við erum ánægð með stefnumótun ríkisstjórnarinnar að einfalda og draga úr regluverki fyrir atvinnulífið – sem er svolítið mótsagnarkennt fyrir fjármálageirann - og lítum svo á að markmiðið fyrir þann hluta atvinnulífsins sé að passa að hlutirnir verði ekki gerðir óþarflega flóknir. Við teljum mikilvægt að hlustað verði á sjónarmið fjármálamarkaðarins og samstarf verði við hann við þá þróun og breytingar á regluverki sem er framundan.

Starfsumhverfi fjármálafyrirtækja er í raun og vaxandi mæli alþjóðlegt. Lönd setja reglur sem binda fjármálafyrirtæki í öðrum löndum, dæmi FACTA sett af Bandaríkjunum. Erlend samtök og aðilar binda fjármálafyrirtæki um hvernig standa eigi að viðskiptum milli landa og engin undankomuleið – annað hvort fylgir þú þessum reglum eða ert ekki með í viðskiptum eða lendir í vanda. Það gengur ekki að segja að við ætlum ekki að spila með.

Evróðusambandið gaf út 2010 þrjár reglugerðir um eftirlitsstofnanir sem koma í stað eftirlitsstofnana aðildarríkjanna – með það að markmiði að bæta allt eftirlit á fjármálamörkuðum. Þessar nýju eftirlitsstofnanir eru Evrópska bankaeftirlitið (EBA), Evrópska eftirlitsstofnunin með tryggingum og starfstengdum lífeyri (EIOPA) og Evrópska eftirlitsstofnunin með verðbréfa- og fjármálamörkuðum (ESMA).

Það eru ríkar kröfur gerðar til fjármálafyrirtækja á alþjóðavettvangi vegna innleiðingar reglugerðanna en stjórnarskrá og fleira hér innanlands hefur tafið og hindrað innleiðinguna. Vonir standa til að stjórnvöld nái að leysa úr málum þannig að íslensk fjármálafyrirtæki í framtíð verði talin lúta öflugum eftirliti og ekki eftirbátar fjármálafyrirtækja erlendis. Slíkt er nauðsynlegt til að íslensk fjármálafyrirtæki geti sinnt sínu hlutverki að styðja með öflugum hætti við atvinnulífið og heimilin í landinu með fjármálaþjónustu sem er sem mest sambærileg og samkeppnishæf við það sem gerist erlendis.

Nokkrir punktar sem ég vil nefna:

- Stjórnvöld/FME þurfa að vera skýrari í innleiðingu á ESB regluverki almennt séð sem og innleiðingaráætlunum. Þannig verður samkeppnisumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja við erlend fjármálafyrirtæki skýrara og öll samskipti við erlenda viðskiptaaðila eða fjárfesta einfaldari ásamt því að áhættumat fjárfestingarkosta þeirra verður jafnt.
- Regluverk á að leggja grunn að góðu fjármálakerfi, varast að setja of nákvæmar eða ítarlegri reglur sem tengjast eingöngu íslenskum fyrirtækjum. Regluverk á að móta grunn að eftirliti með en ekki miðstýringu á fjármálafyrirtækjum.

- Setja þarf fram skýr viðmið um hvaða skjöl frá hvaða erlendum reglugerðaraðilum eftirlitsaðilar eru að líta til. Nú vísar FME til Basel, EBA, SEC, FSA og fjármálaeftirlita hinna ýmsu Norðurlanda. Er hægt að finna einhverskonar viðmiðunar eða fyrirmyndar eftirlitsaðila og nýta sem allra mest hvað gert er þar?
- Birta þarf á einum stað allt regluverk og innleiðingaráætlun þess. Einnig hverjir eru ábyrgðaraðilar að innleiðingu og hvernig eftirfylgni er háttað.
- Það er ekki spurning að eðlilegt er fyrir Ísland að sleppa þýðingarvinnu í öllum málum, en slíkt tefur innleiðingu verulega hér á landi og um leið er hægt að komst hjá því að smíða séríslensk viðmið ef þau eru til erlendis.
- Það er nauðsynlegt að byrja frá grunni, þ.e. innleiða Basel II að fullu og gera ríkari kröfur til stærri fjármálafyrirtækja sambærilegt og í Evrópu og USA (m.a. v. IRB, Markaðsáhættu og Rekstraráhættu).
- Samvinna eftirlitsaðila og fjármálafyrirtækja við setningu reglna er mjög mikilvægur þáttur í áhrifaríkri innleiðingu. Einnig að eftirlitsaðilar séu samstíga í ábyrgð sinni hvað varðar regluverk.
- Auka þarf reglulega samræðu og samstarf milli aðila á fjármálamarkaði og eftirlitsaðila, ekki nægilegt að gera það einungis í SREP – og nýta Samtök fjármálafyrirtækja meðal annars þar sem mörg fyrirtæki á fjármálamarkaði eru lítil og eiga erfitt með að standa sjálf í miklu starfi á þessu sviði.
- Höfum markmiðin skýr. Þössum okkur að gera hlutina ekki óþarflega flókna – hættum að bæta í að óþörfu, sleppum sér íslenskum stöðlum ef við þurfum samt sem áður að vinna eftir sambærilegum erlendum reglum, þössum okkur á að fara ekki óþarflega hratt í innleiðingu á regluverki og forðumst það að elta skammtíma vinsældabylgjur - og þössum upp á beinan og óbeinan kostnað fyrir fjármálafyrirtækin – nógar eru áskoranirnar samt sem áður.

Að lokum- við megum ekki lenda uppi á skeri varðandi þróunina hér á landi og við þurfum að muna að íslenski markaðurinn og fjármálafyrirtæki eru agnarsmá samanborið við markaði og lykil fjármálafyrirtæki í flest öllum vestrænum löndum – og einnig að það er mikill munur á fyrirtækjunum hér á landi – og þarf að taka tillit til þessa við alla innleiðingu á regluverki og eftirliti. Höfum þetta í línu við það sem þekkist erlendis, finnum góða fyrirmynd, þössum upp á að regluverk mótist ekki af því að farið sé of langt, tryggjum samkeppnishæfni, skilvirkni og þössum upp á kostnaðinn við eftirlitið.

Enn og aftur, bestu þakkir til FME og þá sem hafa talað hér í dag. Vonandi nýtist þessi fundur til að auka skilning, samstarf og samvinnu við að tryggja farsæla þróun í regluverki og innleiðingu þannig að fjármálaþjónusta hér á landi eflist til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.